

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

24. fundur.

að Hlíðavegi 6, 6. september 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Sýslumanni ósk um umsögn vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til handa Pétri Snæbjörnssyni vegna Hótel Reyhliðar og Gamla bæjar.
3. Erindi frá Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins ósk um umsögn vegna svæðisskipulags innan Skaftafellspjóðgarðar.
4. Sala á hlutafé í Sauðahelli.
5. Fundargerð skólanefndar frá 29. ágúst.
6. Fundargerð byggingarnefndar frá 4. sept.
7. Stefán Skaftason og Sigurlína Tryggvadóttir mæta til fundarins.
8. Vegagerðin.

Til kynningar:

Aðventudagskrá þjónustuaðila í Mývatnssveit 2007.

Afsal vegna 20% eignarhluta í Arnarvatni 2.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 6, 7 og 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Sýslumanni ósk um umsögn vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til handa Pétri Snæbjörnssyni vegna Hótel Reyhliðar og Gamla bæjar.

Borist hefur erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til handa Pétri Snæbjörnssyni f.h. Reyhliðar ehf. Sótt er um leyfi fyrir hóteli, veitingahúsi, skemmtistað, veitingastofu, veisluþjónustu, krá og kaffihúsi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.

3. Erindi frá Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins ósk um umsögn vegna svæðisskipulags innan Skaftafellspjóðgarðar.

Borist hefur bréf frá Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands dags. 10. ágúst, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á breytingu á svæðisskipulagi miðhálandisins innan Skaftafellspjóðgarðar við Lakagíga og á aðliggjandi svæðum í Skaftárhreppi. Í bréfinu kemur fram að Skaftárhreppur hafi með bréfi til Samvinnunefndarinnar óskað eftir að gerð verði breyting á Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 og gert verði ráð fyrir verslunar og þjónustusvæði við Galta, tengi- og reiðleið frá Galta í átt að Laufbalavatni og breytingum á megin gönguleiðum á svæðinu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemir við fyrirhugaðar breytingar.

4. Sala á hlutafé í Sauðahelli.

Um nokkurt skeið hefur það legið fyrir að selja hlutafé Skútustaðahrepps í Sauðahelli. Kauptilboð hefur borist frá Urtusteini í allt hlutafé félagsins. Núverandi eigendur auk Skútustaðahrepps sem á 37,6%, hlut eru Stoðir með 24,8%, hlut og Ker með 37,6% hlut.

Sveitastjórn samþykkir að selja 5.000.000,- kr. hlut sinn í félaginu á genginu 1,1868.

5. Fundargerð Skólanefndar frá 29. ágúst.

Undir öðrum lið fundargerðarinnar eru ræddar kennararáðningar. Skólanefnd mælir með því við sveitarstjórn að Brynja Ingólfssdóttir verði ráðin í fullt starf, Þórdís Jónsdóttir verði ráðin í 44% við kennslu í handavinnu og listum og Ingunn Guðbjörnsdóttir verði ráðin sem stundakennari í heimilisfræði.

Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að Jaan Alavere hefur verið ráðinn til kennslu við Tónlistarskólann. Mun hann kenna á fiðlu, píanó og einnig tónmennt við grunnskólann. Þá mælir Skólanefnd með, að ósk skólastjóra Tónlistarskólans að nemendum standi til boða samspil eða hljómsveitarstarf sem verði innifalið í gjaldi tónlistarskólans. Undir liðnum önnur mál harmar Skólanefnd að húsnæði sem ætlað var nýráðnum kennara var ekki tilbúið þegar viðkomandi mætti til starfa. Í því sambandi vill sveitarstjórn benda á að það mál var leyst með sátt við viðkomandi aðila.

Sveitarstjórn samþykkir kennararáðningarnar en frestar að öðru leiti afgreiðslu fundargerðarinnar.

Ingunn tók ekki þátt í afgreiðslu á lið tvö.

6. Fundargerð byggingarnefndar frá 4. sept.

Liður 1, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 4 við Birkiland, liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gestahús á lóð Skútahrauns 16, liður 19, þar sem óskað er eftir umsögn byggingarnefndar til leyfa til veitingareksturs að Hótel Reynihlíð og Gamla bæ, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu byggingarnefndar.

7. Stefán Skaftason og Sigurlína Tryggvadóttir mæta til fundarins.

Tilfnið er bréf sem sent var Landgræðslunni eftir skoðunarferð sem farin var að Skógarmannafjöllum 7. Júlí sl. Vestan undir núverandi Miðfjallagirðingu er mikill sandur á ferðinni sem flæðir yfir gamalgróði mólendi og hefur á undarförnum árum eytt gróðri á töluvert stóru svæði. Ef ekkert verður að gert mun þessi gróðureyðing halda áfram. Rædd var sú hugmynd að girða úr Miðfjallagirðingu bæði austan og vestan Skógarmannafjalla. Landgræðslan lýsir sig tilbúna að kosta girðinguna. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að bíða eftir korti frá Landgræðslunni sem sýndi hugsanlegt girðingarstæði.

8. Vegagerðin.

Þriðjudaginn 28. ágúst sl. fór sveitarstjórn ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar inni Herðubreiðarlindar (F 88) í þeim tilgangi að skoða nýtt vegstæði en fram hafa komið hugmyndir um að færa veginn og leggja hann lengra suður í hrauninu m.a. í þeim tilgangi að færa veginn fjær Jökulsánni. Jafnframt því að setja ræsi í Lindaána. Þegar Jökulsá flæðir brýtur hún sífellt meira land og ítrekað hefur þurft að færa veginn fjær ánni vegna þessa. Sveitarstjórn telur að með því að færa veginn meira upp í hraunið verði vandinn ekki leystur. Eftir stendur að landbrot Jökulsár heldur áfram verði ekkert að gert, og við því þurfi að bregðast. Eðlilegra sé því að skoða þann möguleika að lengja og endurbæta varnargarðinn við ána. Því leggur sveitarstjórn til við Vegagerðina að nývegaframkvæmdum við Öskjuveg (F 88) verði frestað þar til frekari athuganir hafi farið fram.

Þá ítrekar sveitarstjón mikilvægi þess að áningarstöðum við veginn kringum Mývatn verði fjölgað. Skortur á áningarstöðum gerir það að verkum að fólk stoppar gjarnan bíla sína á miðjum vegi til að fara út og njóta náttúrunnar. Af þessu skapast mikil slyshætta fyrir aðra umferð. Jafnframt er vert að huga að göngu- og hjólreiðastígum meðfram veginum. Áður hefur verið bent á nauðsyn þess að útafkeyrsla og bílaplan við Vindbelgjarfjall verði endurbætt. Sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til viðræðna við Vegagerðin um þessi mál hér eftir sem hingað til.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.